



**Mýrdalshreppur**

## **Samþykkt fyrir ungmennaráð um verkefni ungmennaráðs**

### **1. gr.**

Ungmennaráð er ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólki á aldrinum 14-22 ára í sveitarfélaginu og vinnur í umboði sveitarstjórnar eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari.

### **2. gr.**

Ungmennaráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um hvert það mál sem það telur tengjast hagsmunum og aðstæðum ungs fólks. Ráðið fylgist með því að sveitarfélagið vinni með hagsmuni ungs fólks jafnt sem annarra að leiðarljósi. Með þessum hætti er leitast við að efla umfjöllun um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu.

### **3. gr.**

Helsta markmið og hlutverk ungmennaráðs er:

1. Að koma skoðunum og tillögum ungs fólks á framfæri við sveitarstjórn og vinna tillögur til stefnumörkunar um málefni ungs fólks.
2. Að gæta hagsmuna ungs fólks t.d. með umfjöllun um mál sem snerta aldurshópin sérstaklega.
3. Að efla tengsl ungmenna í sveitarfélaginu með því að standa fyrir umræðu um mál sem geta verið til hagsbóta fyrir ungt fólk.
4. Að vera ráðgefandi um framtíðarsýn í rekstri félagsmiðstöðvarinnar.
5. Að fulltrúar ráðsins þjálfist í lýðræðislegum vinnubrögðum og læri á stjórnkerfi sveitarfélagsins og að skapa þeim vettvang til að koma hugmyndum sínum og skoðunum á framfæri.

### **4. gr.**

Ungmennaráð tekur til umfjöllunar þau mál sem sveitarstjórn og nefndir sveitarfélagsins óska eftir hverju sinni og önnur þau mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins.

## **Um skipan ungmennaráðs**

### **5. gr.**

Ungmennaráð skal skipað þremur fulltrúum og þremur til vara sem tilnefndir eru fyrir 10. september ár hvert. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps skipar ungmennaráð Mýrdalshrepps að tillögu æskulýðs-og tómstundaneftir og starfsmanns ungmennaráðs. Auglýsa skal eftir umsóknum í ungmennaráð í byrjun ágúst. Fjöldi lausra sæta í ungmennaráði ræðst af því hve margir gefa kost á sér til áframhaldandi setu. Enginn situr þó lengur en fjögur ár.

Við valið skal hafa að leiðarljósi að fulltrúarnir endurspegli sem best þann hóp ungmenna sem býr í Mýrdalshreppi og að í hópnum séu fulltrúar af öllum kynjum. Starfstími ungmennaráðs skal vera frá 1. september til 1. júní, ár hvert. Segi aðalmaður af sér á miðju tímabili þá skal hans varamaður taka stöðu aðalmanns og auglýst eftir nýjum varamanni. Segi varamaður af sér á miðju tímabili skal auglýst eftir nýjum varamanni.

#### **6. gr.**

Á fyrsta fundi ráðsins skal kosinn formaður, varaformaður og ritari. Formaður ráðsins stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

#### **7. gr.**

Ungmennaráðið heldur sex fundi á hverju starfsári. Í október ár hvert fundar sveitarstjórn Mýrdalshrepps með ungmennaráði. Dagskrá fundarins er í höndum ungmennaráðs í samráði við sveitarstjóra.

#### **8. gr.**

Frístunda og menningarfulltrúi er starfsmaður ráðsins og situr að jafnaði fundi ungmennaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er að boða aðra á fundi ráðsins til viðræðna um tiltekin mál. Sveitarstjóri hefur einnig seturétt á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

### **Um yfirstjórn ungmennaráðs**

#### **9. gr.**

Formaður ungmennaráðs hverju sinni er í forsvari fyrir ungmennaráð um tillögur og áherslur þess eftir því sem við á. Starfsmaður ber ábyrgð á rekstri og stjórnarsýslu ráðsins, þ.m.t. fjármálum og framkvæmd ákvarðana þess.

### **Um fundarsköp ungmennaráðs**

#### **10. gr.**

Um fundarsköp á fundum ungmennaráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og Samþykktar um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps.

Starfsmaður í samráði við formann boðar til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til aðalmanna í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir fund. Hægt er að boða til fundar með styttri fyrirvara með samþykki allra nefndarmanna og skal það bókað í upphafi fundar. Óski fulltrúi í ráðinu eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna starfsmanni ráðsins það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en á hádegi þremur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í ungmennaráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmaður óskar þess.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða ungmennaráð ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Formaður í samstarfi við starfsmann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

#### **11. gr.**

Um ritun fundargerða ungmennaráðs gilda eftirfarandi reglur. Ritari ungmennaráðs skal rita fundargerð í tölvu.

Í fundargerð skal færa:

1. fundartíma og fundarstað,
2. nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn,
3. nöfn starfsmanna sem sækja fundinn,
4. heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
5. stutta lýsingu á hverju fundarefni, bókanir ráðsins eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við. Í fundargerð skal einnig koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal formaður og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem tölusettar skulu í áframhaldandi töluröð.

Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar á skrifstofu hreppsins, sem sér um að birta fundargerðir á vefsíðu sveitarfélagsins. Starfsmaður ráðsins ber ábyrgð á að tilkynna aðilum mála, sem afgreidd eru í ungmennaráði, um málalok.

### **Um hæfi og skyldur ráðsmanna og annarra fundarmanna**

#### **12. gr.**

Um hæfi fulltrúa ungmennaráðs og starfsmanna gilda ákvæði sveitarstjórnar- og stjórnarsýslulaga Samþykktar um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps.

#### **13. gr.**

Fulltrúum er skylt að sækja alla fundi ungmennaráðs nema lögmæt forföll hamli. Sé fulltrúi forfallaður skal hann boða varamann í sinn stað og tilkynna forföllin til formanns. Fulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra fundarmenn.

#### **14. gr.**

Þóknun fyrir hvern fund skal vera hálf nefndarlaun samanber Samþykkt á launakjörum kjörinna fulltrúa Mýrdalshrepps.

*Vík í Mýrdal 19. september 2019  
Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri*